

Söfnun rjúpnavængja – leiðbeiningar



Fullorðinn karri á flugi. Rjúpur eru aldursgreindar á lit flugfjaðra. Ljósmynd. ÓKN.

Hægt er að aldursgreina rjúpur á lit handflugfjaðra og greint er á milli fugla á fyrsta ári og eldri. Aldursgreining úr afla er lykilbreyta við útreikning á stofnstærð rjúpu. Náttúrufræðistofnun hefur um árabil safnað upplýsingum um aldur í rjúpnaafla. Hér má lesa um niðurstöður fyrir veiðitímamann 2023: <https://www.ni.is/is/frettir/2024/03/aldurshlutfoll-i-rjupnaveidi-2023>.

Náttúrufræðistofnun mun standa fyrir slíkri sýnatöku nú í haust. Sýni til aldursgreininga koma frá veiðimönnum. Við biðjum þá sem eru tilbúnir að taka þátt að klippa annan vænginn af þeim fuglum sem þeir fella. Merkið hvert sýni með nafni veiðimanns og veiðisvæði. Ekki blanda saman fuglum úr mismunandi landshlutum. Hægt er að afhenda afklippta vængi á Náttúrufræðistofnun í Urriðaholti í Garðabæ, eða senda í pósti og þá á kostnað móttakanda. Muna þó að merkja pakkann á þennan máta:

Náttúrufræðistofnun
Rjúpnarannsóknir
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær